

Atvinnulíf lamað

Þórshöfn, 16. febrúar. — SÍÐASTLIÐINN sunnudag gekk hér í norðan aftakaveður, sem stóð stanzlaust í þrjá og hálfan sólarhring. Aðfarnmótt þriðjudegins var brimið orðið svo mikið að með fádæmum var. Sjö bátar voru bundnir við hafskipabryggjuna og daginn áður voru sjómenn búnir að binda þá eins vel og nokkur kostur var. Sjór gekk stöðugt yfir bryggjuna og virtist þar engum manni vært.

Um kl. 01,30 slitnuðu svo tveir bátar frá bryggjunni og rak þá mannlausu upp í stórgrytta fjöru sunnanvert við kaupúnið. Mikil ísing hlöðst á þá báta, sem eftir urðu við bryggjuna og skömmu síðar hvaldfi einum þeirra undan þunganum og sökk hann þegar. Þegar hér var komið, tóku sjómenn það ráð, að róa á litlum

báti þvert yfir höfnina til að freista þess að komast um borð í þá fjöru, sem eftir voru, því að einsýnt þótti að þeir myndu allir fara sömu leið. Þetta tókst vel og mátti ekki tæpara standa.

Börðust sjómennirnir hvíldarlít íð í sólarhring við að berja isinn af bátunum, en þá fór veðrið að ganga niður. Bátarnir sem rak á land eru Fagranes PH 123, 50 lesta stálbátur og Skálanes PH 190, 36 lesta eikarbátur. Báðir þessir bátar voru nýlegir og er verðmæti þeirra á milli 30 og 40 milljónir króna. Þetta voru tveir stærstu bátarnir hérna og má því heita að stoðunum hafi verið kipt undan atvinnulífi þorpsins í bili með þessum atburðum.

Báturinn, sem sökk var Snæ tindur PH 120, 5 lesta trébátur.

— Óll.

Blómasala á Akureyri

Akureyri, 16. febrúar
ARLEG blómasala Lionsklúbbs Akureyrar fer fram á morgun, sunnudag, — konudaginn, en þessi blómasala er helzti fjárfli unarþáttur í starfsemi klúbbsins og rennur ágóði af henni til líknarstarfsemi.

Á þessu starfsári hefur Lionsklúbbur Akureyrar lagt fram 100 þús. kr. til Sólborgar, heimilis vangefinna, í sameiginlega söfn um klubbanna á Norðurlandi og

á að verja þessu fé til að skipuleggja útivistarsvæði. Klúbbfélagar hafa einnig unnið að smíði leiktækja fyrir Sólborg.

Klúbburinn hefur og innt af hendi lokagreiðslu til orgelsjóðs Kristneshælis, en hann hefur átt gildan þátt í því, að þangað er nú komið orgel vistmönnum til ánægju. Þess má og geta, að klúbburinn sendi jólaglaðning til vistmanna á Kristnesi svo og til Sólborgar. — H.B.

Vatnsskemmdir í MT

AÐFARARNÓTT föstudagsins átti það óhapp sér stað í Menntaskólanum við Tjörnina, að ofn sprakk í herbergi fyrir ofan leikfimissal skólans.

Vatnslaust varð í skólanum á miðvikudaginn og talið er, að ofninn hafi sprungið við þær hitabreytingar, sem urðu, þegar vatnið kom á ný í skólanum.

Í gærmorgun, þegar kennsla hófst hafði mikið vatn lekið gegnum gólf herbergisins þar sem ofninn er staðsettur og niður á gólf leikfimisalarins. Í lofti leikfimisalarins er tex, sem hefur drukkíð í sig mikið vatn, og mun ef til vill nauðsynlegt reynast að rífa niður loftið. Þá hefur vatnið einnig valdið töluverðum skemmdum á gólfi leikfimisalarins, sem er

spónlagt. Ekki er útséð um, hve miklar skemmdirnar hafa orðið, en viðgerðarkostnaður mun að öllum líkindum verða æði mikill.

Menntaskólinn við Tjörnina er tvísetinn og eru nemendur tæplega 700 talsins. Að sögn Björns Bjarnasonar, rektors, er aðstaða fyrir kennslu í ýmsum greinum mjög slæm, og brýn þörf er á nýju húsnæði. Fjárveiting til skólans nam aðeins 2 milljónum á síðastliðnu ári, svo ekki horfir vel í húsnæðismálum. Skólinn hefur þó fengið vilyrði fyrir lóð í Laugardalnum. Vestan við Glæsibæ, og vonir standa til að byrjað verði á teikningum skólahússins í sumar. En langt getur liðið, þar til skólinn kemst í það húsnæði.



Erfiðar loðnuveiðar vegna veðurfars

INNAN við 30 loðnuveiðiskip voru á miðunum í gærðag, en um 40 höfðu verið sólarhringinn áður. Loðnugangan hefur nú færzt nokkru vestar og var aðalveiðisvæðið í gær á móts við Tvísker. Um miðjan dag í gær voru 8 skip búin að tilkynna að þau væru á leið til hafnar, en 3 þeirra voru með slatta og ekkert með fullfermi. Veðurfar hefur verið loðnuveiðimönnum fremur óhagstætt að undanförunu og að sögn Andrésar Finnbogasonar, skipstjóra, var heldur þungt hljóð í mönnum af þeim sökum.

Engir löndunarmöguleikar

virtust í gær vera á Austfjarðahöfnun, þar sem skip voru á leiðinni í þau rúm, sem losna fyrir helgi og flestöll hafa skipin viljað landa fyrir austan vegna veðurs. Þá hafa skip landað í Þorlákshöfn og Grindavík, en engin hafa treyst sér fyrir Reykjanesröstina á Faxaflóahafnir og þangað hefur sáralitill loðnuafli enn borizt. Segja má að útilokað hafi verið fyrir bátana að landa á Austfjörðum fyrir helgina, en einhver von mun hafa verið fyrir þá að landa í Þorlákshöfn, því að í gær var Guðmundur RE á leið þangað til þess að losa.

Sem dæmi um hve lélegt

ferðaveður hefur verið vestur með Suðurlandi, má geta þess að Þórkatla II var á þessari leið í gær og kastaðist þá loðnuaflinn í lestum hennar til, svo að hún varð að fara í var við Vestmannaeyjar og lagfærði skipshöfnin þá aflann í lestunum.


Um síðustu helgi höfðu borizt á land um 86 þúsund lestir af loðnu og í gær var gizkað á að heildaraflinn losaði nú 100 þúsund lestir. Þó er ákaflega erfitt að gizka á heildartöluna, þar sem skipin geta verið marga sólarhringa á leiðinni til hafnar og því gengur þetta svo og lönd um mjög seinlega.



Björn Bjarnason, rektor, til vinstri og Eyjólfur Jónsson, um sjónarmaður skólans skoða skemmdirnar. Ljós. Mbl.: Sv. Þ.

Sýningu í Listasafninu að ljúka

Sýningu Listasafns Íslands og Félags ísl. myndlistarmanna í Listasafninu lýkur núna um helgina. Aðsókn hefur verið góð og mörg tilboð borizt í málverk. Sýningin verður opin þessa tvo síðustu daga frá kl. 1,30—10 e.h. — Allur ágóði sýningarinnar



rennur í Vestmannaeyjasöfnunina. — Sýningarskráin er einnig happdrættismiði, og

er myndin hér að ofan af ein um vinninganna, málverki eftir Kjarval.